

Fundargerð 30. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2016, fimmtudaginn 24. nóvember kl. 09:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gauti Jóhannesson, Róbert Ragnarsson og Páll Björgvin Guðmundsson. Í símasambandi var Steinunn María Sveinsdóttir. Anna Lind Ragnarsdóttir boðaði forföll.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Umfang hráefnisflutninga um Ísland og þróun sjávarútvegsins - 1605002SU

Bjarki Vigfússon, hagfræðingur hjá Íslenska sjávarklasnum, kom inn á fundinn og fór yfir helstu niðurstöðu skýrslu sjávarklasans sem fjallar um umfang hráefnisflutninga um Ísland og þróun í landfræðilegri dreifingu sjávarútvegsins. Fyrr á þessu ári styrktu samtökin útgáfu skýrslunnar í samvinnu við Hafnasamband Íslands.

Formaður þakkaði Bjarka fyrir kynninguna en skýrslan á án efa eftir að gagnast stjórn samtakanna í sinni vinnu. Starfsmanni falið að senda skýrsluna út á aðildarsveitarfélög um leið og hún verður formlega gefin út.

2. Fundir með ráðherrum 2017-2018 - 1611001SU

Rætt um hvort samtökin þurfi að óska eftir fundum með ráðherrum til að ræða hagsmunamál sjávarútvegssveitarfélaga.

Formanni og framkvæmdastjóra gefið leyfi til að óska eftir fundum með viðeigandi ráðherrum þegar búið verður að mynda ríkisstjórn.

3. Kosning gjaldkera og ritara - 1601001SU

Stjórn skiptir með sér verkum.

Samþykkt samhljóða að Páll Björgvin Guðmundsson verði gjaldkeri og Anna Lind Ragnarsdóttir ritari.

Fundi var slitið kl. 10:00